

## Uppfærð pottaaðstaða við Miðfell.

Sótt er um leyfi til að færa núverandi pottaaðstöðu við Hoffell, frá aðstöðu við kletta, uppað núverandi gistiþúsum - við Miðfellsbæinn.

Núverandi pottaaðstaða við Hoffell samanstendur af nokkrum eldri gámum sem nýtast sem skiptiklefar, útisturtu og fimm fiskeldiskerum sem nýtast sem heitir pottar. Þá er lítil aðstaða fyrir starfsfólk.

Bæði gámar og pottar eru farnir að láta verulega á sjá og er það mat rekstraraðila að endurnýja þurfi bæði potta og gámahús.

Rekstraraðili óskar eftir því að færa pottaaðstöðu og setja niður vestan megin við Miðfellsbæinn, rétt við núverandi gistiþús að Hoffelli. Mikil rekstrarhagræðing felst í að flytja pottaaðstöðuna nær gistiþjónustunni, sem og öryggi og allt eftirlit.

Allir pottar verða endurnýjaðir, sett verður niður saunahús, nyjir skiptiklefar með sturtuaðstöðu, ný salernisaðstaða og sérstakt svæði fyrir starfsmenn með góðu útsýni yfir pottaaðstöðu.

Þannig verður öll aðstaða mun betri, öryggismál í betri farvegi, hreinlætismál sem og upplifun gesta.

Skiptiklefar, salerni og aðstaða fyrir starfsfólk verður gert úr forsmíðuðum timbureiningum sem koma alveg tilbúnar á staðin líkt og gámahús. Um er að ræða 3 einingar:

- Klósett og starfsmannasvæði
- Skiptiklefar, sturtur og þurrkvæði
- Tæknirými, Sauna og forrými fyrir Sauna

Heildarfermetrar eru 78m<sup>2</sup>, heildarhæð eininganna er 2.5m. Timbureiningarnar munu falla vel að náttúrunni á svæðinu og leggjast vel að landi þar sem að staðsetningin hefur verið valin m.t.t. halla og ásýndar. Útsýni gesta er upp að Hoffellsloni.

Timbureiningarnar verða klæddar með svartmálaði standandi furu að utan og einhalla þaki. Fjórar heitapottsskeljar verða settar niður, sem hver um sig er 2200L og í dökkuum lit, heildarvatnsmagn potta er því ekki að breytast.

Óreglulegar steinhellur/siklur munu mynda göngustíga og leiðir frá einingum og að pottasvæði.

Rafmagn og vatn tengist inn á núverandi kerfi innan lóðar Hoffells.

Fráveita frá einingum tengist inn á núverandi rotþró.

Heitir pottar eru með sírennsli og affallið frá þeim verður leitt út í nærliggjandi skurð líkt og gert er við núverandi pottaaðstöðu.

Baðgestir munu samnýta bílastæði við Miðfell og gistiþús, með gestum gistiheimilis.



EKKI Í KVARÐA

3D



VIÐ, ÁBÚENDUR Á HOFFELLI 2B HÖFUM KYNNT  
OKKUR MÁLIÐ OG GERUM ENGAR ATHUGASEMDIR.

DAGSETNING:

EIGANDI Á HOFFELLI 2B:

VOTTUR:



Utg.	Dags.	Skýring
Blue Lagoon	ICELAND	Íslensk Mennt Blue Lagoon Gefundinn 24, 210 Garðabær www.bluelagoon.is +354 401 1000

HOFFELL  
HÖFN Í HORNAFIRDI

AFSTÖÐUMYND  
GRUNNMYND OG 3D  
SKÝRINGAR

HANNAB.: JBJ	YFIRFARID: EDP
TEKNAÐ: JBJ	VERKNR.: 12325
BLADST.: A1	TEINNINNMER
MKV.: Mkv	ÚTGÁFA
DAGS: 21.03.25	100-01-01
	A

Hönnuður: